

**Nd. 438. Breytingartillaga [65. mál]**

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. 2. málsg. orðist svo:

Ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breytist í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs til neytenda í Reykjavík frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga. Þessa verðtryggingu má miða hvort sem er við einstaka rafmagnstaxta eða vísitölu nokkurra rafmagnstaxta.